

Nr. 999

4. nóvember 2019

AUGLÝSING um breytingu deiliskipulags ferðapjónustu að Arnarfelli, Arnarstapa, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 11. apríl 2019, deiliskipulag ferðapjónustu að Arnarfelli, Arnarstapa. Breytingin felst í eftirfarandi atriðum:

Áður var gert ráð fyrir 11 smáhýsum, en nú er gert ráð fyrir að þau verði allt að 13.

Byggingarreitir þriggja húsa eru sameinaðir í einn byggingarreit fyrir hótelbyggingu á tveimur hæðum.

Byggingarreit fyrir þjónustuhús er breytt lítillega.

Lögun á byggingarreit fyrir snyrtingu tjaldsvæðis er breytt en fyrirhugað er að reisa nýtt hús í stað núverandi húss.

Umferðarskipulagi á lóðinni er breytt innan lóðar og bílastæði eru löguð að breytti aðkomu að sunnan. Gert er ráð fyrir 21 nýju bílastæði innan lóðar við hotelið.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Snæfellsbæ, 4. nóvember 2019.

Davíð Viðarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. nóvember 2019